

Fundargerð 54. fundar skráningarráðs Gegnis þriðjudaginn 1. júní 2010
haldinn í Landsbókasafni Íslands-Háskólabókasafni, kl. 9.00-11.00.

Fundarmenn: Anna Sveinsdóttir (fundarritari), Gunnhildur Loftsdóttir, Sigrún J. Marelsdóttir og Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður).
Auk þess sátu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna.

1. **Fundargerð síðasta fundar** var yfirfarin og samþykkt
2. **RDA.** Hildur hélt stutta kynningu á RDA Toolkit vefnum (www.rdatoolkit.org) sem er vefur um RDA reglurnar og RDA vefinn (www.rdaonline.org). Fundarmenn fylgdust svo með vefmálstofu á vegum American Library Association: **RDA Toolkit: A Guided Tour**. Fyrirlesari var Troy Linker hjá ALA.
Ákveðið var að allir meðlimir skráningarráðs myndu skrá sig í tilraunaaðgang að RDA Online, en vefurinn verður opinn öllum til 31. ágúst. Einnig mun Hildur senda virkum skrásetjurum tölvupóst og hvetja þá til að skrá sig.
Það er ljóst að tími til aðlögunar að RDA verður langur og munu stærstu söfnin í Bandaríkjunum m.a. gera ráð fyrir 9 mánuða aðlögunartíma. Það er okkar að fylgjast með gangi mála og lesa okkur til.
Rætt var um hvaða fyrirkomulag að áskrift að RDA Online myndi henta á Íslandi og mun Sveinbjörg kynna sér það.
3. **Rússnesk mannanöfn.** Áslaug Agnarsdóttir á Landsbókasafni hefur tekið að sér að vera í sambandi við Íslenska málnefnd vegna hugsanlegra breytinga á umritunarreglum rússneskra mannanafna. Skráningarráð mun ekki taka afstöðu í málinu að svo stöddu.
4. **Samsett gögn.** Hildur sýndi dæmi þar sem geisladiskar sem fylgja bókum eru skráðir eins og greinifærslur og verða þannig undirfærslur og hafa ekki eintakatengingu. Í móðurfærslu er svið 525 notað til að gera grein fyrir fylgiefni og í undirfærslu er svið 500 notað til að gera grein fyrir hvaða móðurfærslu hún tilheyrir.
Fundarmenn eru sáttir við þetta verklag þó yfirleitt séu geisladiskar sem fylgja bókum ekki skráðir sérstaklega í almenningubókasöfnum. Þetta nýtist vel í þjóðdeild Landsbókasafns.
5. **Önnur mál.** Sveinbjörg kynnti Primo Central.

Fundarritari gekk af fundi kl. 11 áður en liður 5 Önnur mál var afgreitt og áður en ákvarðanir um næsta fund voru teknar.